

Alþingi

Reykjavík, 5. mars 2018

Allsherjar- og menntamálanefnd

Austurstræti 8–10

150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, 148. löggjafarþing 2017–2018. Þingskjal 150 – 83. mál.

Á þessu frumvarpi er sá veigamikli annmarki að snúið er baki við lagahefð þess efnis að íslensk mannanöfn skuli vera íslensk og fyrir því eru engin betri rök höfð við en að ákvæði þar um væri „íþyngjandi“. Það almenna sjónarmið gæti átt við um allar reglur samfélagsins (s.s. umferðarreglur og stafsetningarreglur). Kennitölur og vegabréf eru til dæmis íþyngjandi fyrir marga. Ekki kemur fram í frumvarpinu hvers vegna ákvæði um íslensk mannanöfn sé fremur íþyngjandi en ýmsar aðrar reglur samfélagsins. Þó að í frumvarpsdrögnum sé ákvæði um að léttara verði að breyta um nafn sjálfur á lífsleiðinni er almenna reglan sú að fólk velur sér ekki eigið nafn heldur er það valið af yfirvöldum þeirra, foreldrum og forráðamönnum. Ekki verður séð að sú krafa til foreldra að þeir velji barni sínu íslenskt nafn sé meira íþyngjandi en ýmsar aðrar kröfur sem samfélagið gerir til foreldra um að mennta börnin, næra og sinna heilsufari þeirra. Ekki verður heldur séð að íslensk tunga sé minna virði en allir þessir þættir barnauppeldis sem samfélagið áskilur sér rétt til að skipta sér af.

Þvert á móti er brýnt að Alþingi og stjórnvöld styðji og eflí íslenska tungu með öllum tiltækum leiðum. Að afnema skyndilega ákvæði um að íslensk mannanöfn eigi að vera á íslensku væri algjörlega öndvert því markmiði. Hið sérstaka íslenska mannanafnakerfi skiptir miklu máli fyrir tungumálið. Einnig má minna á að íslenska er tungumál talað af fáum og býr við mikla erlenda áreitni, nú sem aldrei fyrr. Það væri sorglegt ef Alþingi sneri baki við íslenskri mannanafnahefð þegar íslenska á undir högg að sækja.

Í ýmsum öðrum löndum þykir við hæfi að hafa lög um mannanöfn en óvíða eru þjóðtungur þó smærri eða þyrftu jafn mikinn stuðning og í tilviki íslenskrar tungu. Vitaskuld þarf að endurskoða mannanafnalög reglulega eins og önnur lög. Eins má deila um ýmsa úrskurði mannanefnda seinasta aldarfjórðung. Engin gagnrýni sem fram hefur

komið á lögin eða framkvæmd þeirra réttlætir þó svo róttæka aðgerð sem gengur þvert á það mikilvæga hlutverk stjórnvalda og Alþingis að standa vörð um íslenska tungu.

Það er hægt að endurskoða lög um mannanöfn og færa til nútímans en sýna um leið umhyggju fyrir okkar smáa en dýrmæta tungumáli. Full ástæða er til að hvetja Alþingi til að endurskoða nágildandi lög með tilliti til ýmissa þátta sem raktir eru í frumvarpinu en á hinn bóginn verður að sýna varkárni þegar kemur að málefnum þjóðtungunnar og fjarlægja hana ekki úr mannanafnalögum eins og hvern annan óþarfa.

Með vinsemd og virðingu,



Ármann Jakobsson

prófessor í íslensku

varaformaður Íslenskrar málnefndar